

## **REGLUGERÐ**

### **um landsskipulagsstefnu.**

#### **I. KAFLI**

##### **Landsskipulagsstefna.**

###### **1. gr.**

###### *Markmið.*

Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um nýtingu lands og landgæða sem tryggir heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð.

Landsskipulagsstefna skal taka mið af fyrirliggjandi stefnumótandi áætlunum ríkisins sem varða landnotkun og stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Hún skal byggja á markmiðum skipulagslaga og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

#### **II. KAFLI**

##### **Stjórnvöld, ráðgjafarnefnd og samráðsvettvangur.**

###### **2. gr.**

Umhverfísráðherra leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Ráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu eins og er nánar kveðið á um í reglugerð þessari.

###### **3. gr.**

###### *Skipun ráðgjafarnefndar.*

Áður en vinna hefst við gerð landsskipulagsstefnu hverju sinni skal umhverfísráðherra skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu.

Í ráðgjafarnefndinni skulu sitja sjö fulltrúar. Einn fulltrúi skal vera tilnefndur af forsætisráðuneyti, einn frá iðnaðarráðuneyti, einn frá landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu, einn frá innanríkisráðuneytinu og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Tveir fulltrúar skulu vera skipaðir af umhverfísráðherra án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra vera fagaðili á sviði skipulagsmála. Annar fulltrúa umhverfísráðherra skal jafnframt vera formaður nefndarinnar.

###### **4. gr.**

Umhverfisráðuneytið 4. júlí 2011.

Drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu.

#### *Hlutverk ráðgjafarnefndar.*

Ráðgjafarnefndin skal vera ráðherra og Skipulagsstofnun til ráðgjafar og samráðs við undirbúning landsskipulagsstefnu. Ráðgjafarnefndinni er ætlað að veita faglega ráðgjöf við gerð landsskipulagsstefnu og að koma með tillögur um samþættingu við áætlanir í ólíkum málaflokkum sem varða landnotkun á landsvísu. Komi í ljós verulegt ósamræmi milli áætlana við samþættingu þeirra skal Skipulagsstofnun óska eftir því að ráðgjafarnefndin fjalli sérstaklega um málið.

Ráðgjafarnefndin skal vera Skipulagsstofnun til ráðgjafar við gerð lýsingar landsskipulagsstefnu.

Þá skal ráðgjafarnefndin vera Skipulagsstofnun til ráðgjafar um vinnslu landsskipulagsstefnunnar. Slík ráðgjöf tekur m.a. til áherslna landsskipulagsstefnu, samþættingar ólíkra áætlana, kynningar- og samráðsmála vegna vinnu við landsskipulagsstefnu, umhverfismats og framsetningar landsskipulagsstefnunnar.

Umhverfisráðherra skal leita álits ráðgjafarnefndarinnar ef hann telur þörf á að breyta tillögu Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu.

#### 5. gr.

##### *Störf og starfshættir ráðgjafarnefndar.*

Formaður boðar fundi ráðgjafarnefndar. Fulltrúar Skipulagsstofnunar geta setið fundi nefndarinnar. Aðsetur ráðgjafarnefndar er hjá Skipulagsstofnun sem leggur henni til starfsmann.

Starfi ráðgjafarnefndarinnar lýkur þegar þingsályktun um landsskipulagsstefnu hefur verið samþykkt Alþingi.

#### 6. gr.

##### *Samráðsvettvangur.*

Þegar vinna við landsskipulagsstefnu hefst hverju sinni, skal Skipulagsstofnun koma á fót sérstökum samráðsvettvangi vegna gerðar landsskipulagsstefnu. Í honum skulu m.a. vera fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra, viðkomandi opinberra stofnanna, fyrirtækja sem sinna uppbyggingu og rekstri grunngerðar og samtök á sviði atvinnuvega og umhverfisverndar.

Skipulagsstofnun óskar eftir tilnefningum aðila í samráðsvettvanginn. Aðrir en þeir sem tilgreindir eru í 1. mgr. geta óskað eftir aðild að samráðsvettvangnum við Skipulagsstofnun.

Við mótun landsskipulagsstefnu skal Skipulagsstofnun leita sérstaklega eftir ábendingum og tillögum frá samráðsvettvanginum og leggja fram hugmyndir á mismunandi stigum til kynningar og umræðu.

Starf samráðsvettvangsins getur eftir atvikum farið fram á fundum og málþingum sem Skipulagsstofnun boðar til, sem og á netinu og með álitsumleitan.

Fulltrúar í samráðsvettvangnum standa straum af kostnaði við þátttöku sinna fulltrúa í honum.

### III. KAFLI

#### **Viðfangsefni landsskipulagsstefnu.**

##### 7. gr.

##### *Um viðfangsefni landsskipulagsstefnu.*

Í landsskipulagsstefnu skulu settar fram áherslur ríkisins um skipulagsmál og þeim lýst og tengslum þeirra við stefnu stjórnvalda í málaflokkum sem varðar landnotkun, svo sem um byggðamál, náttúruvernd, orkumál og samgöngur.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram:

1. Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, sbr. 8. gr.
2. Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála, sbr. 9. gr.
3. Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál, sbr. 10. gr.
4. Stefna um skipulagsmál miðhálandisins, sbr. 11. gr.

Landsskipulagsstefna skal taka til 12 ára tímabils og getur náð til landsins alls, einstakra landshluta eða efnahagslögsögunnar.

Áherslur landsskipulagsstefnu hverju sinni eru lagðar af umhverfissráðherra, þegar hann felur Skipulagsstofnun að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu. Þær geta varðað ákveðin þemu, tiltekna landshluta eða landgerðir, svo sem höfuðborgarsvæðið, strandsvæði og óbyggðir, gæði byggðar, menningarlandslag, loftslagsmál, náttúruvæ, samspil landnotkunar og samgangna eða samspil landnotkunar og lýðheilsu.

Tillaga að nýrri landsskipulagsstefnu felur í sér endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á.

##### 8. gr.

##### *Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.*

Í landsskipulagsstefnu skal taka saman og setja fram yfirlit yfir helstu stefnumörkun og áætlanir sem fyrir liggja í einstökum málaflokkum á landsvísu og varða landnotkun og skipulagsgerð sveitarfélaga. Þetta yfirlit skal vera sveitarfélögum til leiðbeiningar við skipulagsgerð. Einnig skal það lagt til grundvallar við mótun stefnu um skipulagsmál.

Yfirlitið getur varðað stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, loftslagsmál, byggðamál, ferðaþjónustu, landbúnað, náttúruvernd, orkumál og samgöngur.

Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

##### 9. gr.

##### *Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála.*

Í landsskipulagsstefnu skal taka saman og setja fram greinargerð yfir stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Í henni skal vera tölulegt yfirlit yfir stöðu og þróun í einstökum

Umhverfisráðuneytið 4. júlí 2011.

Drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu.

landshlutum, svo sem. tölur yfir íbúðapróun, húsbyggingar, landnotkun og umferð. Einnig skal vera yfirlit yfir áætlaða þróun og uppbyggingu samkvæmt skipulagsáætlunum sveitarfélaga og spám um mannfjöldaþróun.

Greinargerðin skal lögð til grundvallar við mótnun stefnu um skipulagsmál og vera sveitarfélögum til leiðbeiningar við skipulagsgerð.

#### 10. gr.

##### *Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál.*

Í landsskipulagsstefnu skulu settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða almannahagsmuni og byggðapróun og landnotkun á landsvísu. Í landsskipulagsstefnu er sett fram leiðarljós í skipulagsmálum fyrir landið í heild, til leiðbeiningar við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga. Í landsskipulagsstefnu skulu samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Landsskipulagsstefna getur varðað m.a. byggðapróun, byggðamynstur og landnotkun, gæði umhverfis, náttúru- og menningarminjar, náttúruauðlindir og nýtingu þeirra, samgöngur og veitur, náttúruvá, loftslagsmál með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

#### 11. gr.

##### *Stefna um skipulagsmál miðhálandisins.*

Í landsskipulagsstefnu skal ávallt sett fram stefna um skipulagsmál miðhálandisins. Þar er samræmd stefna um skipulagsmál sérstaklega útfærð fyrir miðhálandi Íslands.

Við mörkun fyrstu landsskipulagsstefnu fyrir miðhálandið skal höfð hliðsjón af vinnu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandisins, sbr. svæðisskipulag miðhálandis Íslands frá 10. maí 1999 með síðari breytingum.

### IV. KAFLI

#### **Framsetning og umhverfismat landsskipulagsstefnu.**

#### 12. gr.

##### *Lýsing landsskipulagsstefnu.*

Þegar vinna Skipulagsstofnunar við gerð landsskipulagsstefnu hefst skal Skipulagsstofnun taka saman lýsingu á verkefningu. Þar skal gera grein fyrir þeim áherslum sem umhverfisráðherra hefur lagt fyrir vinnuna og hvernig fyrirhugað er að standa að greiningu á stöðu skipulagsmála og greiningu fyrirbyggjandi stefnumörkunar og áætlana. Þá skal gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að mótnun landsskipulagsstefnunnar, umhverfismati og kynningu og samráði í vinnunni. Sérstaklega skal gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að fjalla um skipulagsmál á miðhálandinu.

Umhverfissráðuneytið 4. júlí 2011.

Drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu.

13. gr.

*Framsetning landsskipulagsstefnu.*

Landsskipulagsstefna skal sett fram í greinargerð sem hefur að geyma þá þætti sem lýst er í 7. gr. Þar skal jafnframt gera grein fyrir kynningu og samráði við gerð landsskipulagsstefnunnar. Þá skal þar gera grein fyrir umhverfismati landsskipulagsstefnunnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sbr. 18. gr.

Greinargerðin skal vera fylgiskjal með þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu þar sem sett er fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál og stefna um skipulagsmál á miðhálandinu.

Landsskipulagsstefna er sett fram á uppdráttum eftir því sem þurfa þykir. Uppdrættir skulu marka almennar meginlínur í byggðaðróun og landnotkun, en varða almennt ekki staðbundnar ákvarðanir um landnotkun og einstakar framkvæmdir. Þeir geta t.d. tekið til meginþátta samgöngu- og veitukerfis og meginstefnu um byggðaðróun.

V. KAFLI.

**Kynning og samráð við gerð landsskipulagsstefnu.**

14. gr.

*Almennt um kynningu og samráð.*

Skipulagsstofnun skal móta landsskipulagsstefnu í virku samráði við sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir og hagsmunasamtök sbr. 6. gr., eftir því sem við á. Jafnframt skal tryggja að almenningur eigi þess kost að fylgjast með mótun landsskipulagsstefnu og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum í vinnuferlinu.

15. gr.

*Vefsetur.*

Skipulagsstofnun skal á hverjum tíma sjá til þess að nýjar og uppfærðar upplýsingar séu aðgengilegar á vefsetri um landsskipulagsstefnu. Þar skal ávallt vera aðgengileg gildandi landsskipulagsstefna, þ.m.t. upplýsingar um stöðu og þróun skipulagsmála og upplýsingar um áætlanir í mismunandi málaflokkum sem varða landnotkun á landsvísu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um samráðsvettvang vegna landsskipulagsstefnu og nýjustu upplýsingar um vinnu að nýrri landsskipulagsstefnu á hverjum tíma.

Á vefsetri um landsskipulagsstefnu skal vera möguleiki til að koma á framfæri ábendingum, athugasemdum og spurningum varðandi gildandi landsskipulagsstefnu og mótun nýrrar landsskipulagsstefnu.

16. gr.

Umhverfisráðuneytið 4. júlí 2011.

Drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu.

### *Kynning á lýsingu landsskipulagsstefnu.*

Í upphafi vinnu við gerð landsskipulagsstefnu skal Skipulagsstofnun taka saman lýsingu á verkefninu og skal hún unnin í samráði við ráðgjafarnefnd. Kynna skal lýsinguna samráðsvettvangi og skal fulltrúum hans gefinn kostur á að koma á framfæri álitinu sínu. Þá skal Skipulagsstofnun kynna lýsinguna með auglýsingu sem vísar á vefsetur og gefa almenningi kost á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna að lágmarki innan þriggja vikna frá birtingu auglýsingar.

Skipulagsstofnun skal birta yfirlit yfir framkomnar ábendingar og athugasemdir við lýsinguna á vefsetrinu og jafnframt gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að vinna úr þeim við frekari mótun landsskipulagsstefnunnar. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir umsögn stofnunarinnar um framkomnar athugasemdir.

### 17. gr.

#### *Auglýsing tillögu að landsskipulagsstefnu.*

Þegar endanleg tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu liggur fyrir kynnrir stofnunin hana opinberlega ásamt umhverfismati. Áður en tillagan er auglýst skal Skipulagsstofnun hafa kynnt hana ráðgjafarnefnd og samráðsvettvangi.

Tillagan ásamt umhverfismati skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynnt á vefsetri um landsskipulagsstefnu.

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er aðgengileg og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillagan skal jafnframt send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

### 18. gr.

#### *Umhverfismat landsskipulagsstefnu.*

Meta skal umhverfisáhrif af landsskipulagsstefnu í samræmi við kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í lýsingu landsskipulagsstefnu skal gera grein fyrir fyrirhuguðu umfangi og nákvæmni umhverfismatsins. Skipulagsstofnun skal kynna umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun sérstaklega þann þátt lýsingarinnar.

Með landsskipulagsstefnu skal lögð fram umhverfisskýrsla í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Á kynningartíma tillögu að landsskipulagsstefnu og umhverfisskýrslu, skulu tillagan og umhverfisskýrsla sérstaklega kynnt umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun.

Við afgreiðslu tillögu að landsskipulagsstefnu að loknum kynningartíma skal Skipulagsstofnun gæta þess að hliðsjón sé höfð af umhverfismati tillögunnar.

## VI. KAFLI.

### Afgreiðsla og áhrif.

#### 19. gr.

##### *Afgreiðsla.*

Eftir að kynningartíma tillögu að landsskipulagsstefnu og umhverfisskýrslu lýkur, skal Skipulagsstofnun fjalla um þær umsagnir og athugasemdir sem bárust á kynningartíma og taka saman umsögn um þær breytingar sem stofnunin hefur gert á tillögunni vegna þeirra, ef við á. Þá skal þar sérstaklega gera grein fyrir hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfismati í tillögu að landsskipulagsstefnu og setja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa af framkvæmd landsskipulagsstefnunnar. Niðurstöður vöktunar skulu lagðar til grundvallar við næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun skal gera þeim aðilum sem gerðu umsagnir og athugasemdir við tillögu að landsskipulagsstefnu á kynningartíma tillögunnar grein fyrir umsögn sinni um þær. Að því loknu skilar Skipulagsstofnun tillögu að landsskipulagsstefnu til umhverfísráðherra.

Umhverfísráðherra tekur tillögu Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu ásamt greinargerð stofnunarinnar um afgreiðslu tillögunnar til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Umhverfísráðherra leggur tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fram á Alþingi. Landsskipulagsstefna tekur gildi þegar Alþingi hefur fjallað um tillöguna og samþykkt hana.

#### 20. gr.

##### *Áhrif landsskipulagsstefnu.*

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Hún felur almennt ekki í sér fyrirsmæli um nákvæma útfærslu landnotkunar nema að um hana sé fjallað í fyrirliggjandi áætlunum opinberra aðila.

Landsskipulagsstefna getur jafnframt falið í sér tilmæli til stjórnvalda um tiltekna breytingar á áætlunum í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, komi í ljós við gerð landsskipulagsstefnu að verulegt ósamræmi sé á milli fyrirliggjandi áætlana. Slíkum tilmælum skal almennt beint til úrvinnslu við næstu reglubundnu endurskoðun viðkomandi áætlunar.

Sveitarfélög skulu taka mið að landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í því felst að samræma og útfæra landsskipulagsstefnu í skipulagsáætlunum.

Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykkttri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar, skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Umhverfissráðuneytið 4. júlí 2011.

Drög að reglugerð um landsskipulagsstefnu.

21. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.